

# Staðgreiðsla 2016

## Prepaskiptur tekjuskattur

Staðgreiðsla skatta er reiknuð í þremur þrepum. Útreikningur fyrir mánaðartekjur verður sem hér segir:

Af fyrstu 336.035 kr.	37,13%
Af næstu 500.955 kr.	38,35%
Af fjárhæð umfram 836.990 kr.	46,25%

Hér er átt við tekjur eftir að iðgjald í lífeyrissjóð hefur verið dregið frá. Frá reiknuðum skatti dregst persónuafsláttur, sem er 51.920 kr.

## Vikulaun

Pegar laun eru greidd vikulega skal reikna staðgreiðslu skatta af launum sem hér segir:

37,13%	af fyrstu 77.123* kr.
38,35%	af 77.124–192.096** kr.
46,25%	af launum umfram 192.096 kr.

Ef laun eru breytileg er heimilt að jafna þeim milli vikna, innan mánaðarins, þannig að staðgreiðsla mánaðarins verði rétt.

\* 4.032.420/366 \* 7 = 77.123 \*\* 10.043.880/366 \* 7 = 192.096

## Persónuafsláttur á mánuði er 51.920 kr.

Persónuafsláttur ársins 2016 er 623.042 kr. eða 51.920 kr. á mánuði. Við ákvörðun staðgreiðslu opinberra gjalda frá og með 1. janúar 2016 skal því draga persónuafslátt frá reiknuðum skatti sem hér segir:

- Ef launatímabil er einn mánuður 51.920 kr.
- Ef launatímabil er hálfur mánuður 25.960 kr.
- Ef launatímabil er fjórtán dagar 23.832 kr.
- Ef launatímabil er ein vika 11.916 kr.
- Ef launatímabil er annað en að framan greinir skal ákvarða persónuafslátt launatímabils þannig:

Kr. 623.042 X dagafjöldi launatímabilsins  
366

## Frítekjumark barna er 180.000 kr.

Börn sem fædd eru 2001 og síðar og ná því ekki 16 ára aldri á árinu 2016 greiða 6% skatt án persónuafsláttar af tekjum sínum umfram 180.000 kr. Á skilagreinum RSK 5.12 og sundurliðunum RSK 5.06 eða í vefskilum skal til-taka heildarlaun án tillits til frádráttar.

## Frádráttur vegna iðgjalda í lífeyrissjóð

Greidd lífeyrissjóðsiðgjöld 4% af launum til viðurkenndra lífeyrissjóða samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda eru frádráttarbær og ber að taka mið af því við afdrátt staðgreiðslu. **Heimilt er að veita til viðbótar frádrátt allt að 4% af iðgjaldsstofni til aukningar lífeyrisréttinda eða lífeyrissparnaðar samkvæmt ákvörðun sjóðsfélaga, enda séu iðgjöldin greidd reglulega til lífeyrissjóða eða aðila skv. 3. mgr. 8. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Sama gildir um iðgjöld manna sem hafa með höndum atvinnurekstur.**

## Tryggingagjald o.fl. til staðgreiðslu er 7,35%

Tryggingagjald er 7,25%. Að viðbættu gjaldi í ábyrgðarsjóð launa og markaðsgjaldi verður staðgreiðsla þessara gjalda 7,35%. Af launum sjómanna á fiskiskipum greiðast til viðbótar 0,65% í iðgjald vegna slysatryggingar:

• Almennt tryggingagjald	5,90%
• Atvinnutryggingagjald	1,35%
• Tryggingagjald alls	7,25%
• Gjald í ábyrgðarsjóð v/gjaldþrota	0,05%
• Markaðsgjald	0,05%
• <b>Samtals til staðgreiðslu</b>	<b>7,35%</b>
• Viðbót vegna launa sjómanna	0,65%
• Samtals af launum sjómanna [á fiskiskipum]	8,00%

Um tryggingagjald vegna launa þeirra starfsmanna sem eru með vottorð E-101 gilda sérstakar reglur.

## Fjársýsluskattur til staðgreiðslu er 5,5%

Fjársýsluskattur er lagður á fjármálafyrirtæki, verðbréfa-fyrirtæki og tryggingafélög auk Íbúðalánasjóðs. Skatt-hlutfallið er 5,5% og skattstofninn eru allar tegundir launa og þóknana. Skatturinn er greiddur mánaðarlega í staðgreiðslu.

**Rafræn skil á staðgreiðslu, sjá skattur.is**

## Dæmi um útreikning á staðgreiðslu

Stofn til staðgreiðslu eru öll staðgreiðsluskyld laun þegar tekið hefur verið tillit til frádráttarbærs iðgjalds launþega í lífeyrissjóð. Í dæmi 1 hér á eftir eru heildarlaun fyrir einn mánuð 395.000 kr. Iðgjald í lífeyrissjóð, þ.e. framlag launþega, er 4% eða 15.800 kr. (sbr. þó heimild til viðbótarfrádráttar, sjá bls. 1). Í dæmi 2 eru heildarlaun 933.000 kr. og iðgjald í lífeyrissjóð 37.320 kr. Staðgreiðslan myndi reiknast á eftirfarandi hátt:

Dæmi 1				Dæmi 2			
Stofn til staðgreiðslu	379.200			Stofn til staðgreiðslu	895.680		
Útreikningur				Útreikningur			
336.035	37,13%	124.770		336.035	37,13%	124.770	
43.165	38,35%	16.554		500.955	38,35%	192.116	
0	46,25%	0		58.690	46,25%	27.144	
Reiknuð staðgreiðsla	141.324			Reiknuð staðgreiðsla	344.030		
Frá dregst persónuafsláttur	51.920			Frá dregst persónuafsláttur	51.920		
Staðgreiðsla	89.404			Staðgreiðsla	292.110		

Noti maður persónuafslátt maka nýtir hann allan (100%) þann afslátt sem maki hefur heimilað.

## Dæmi um útreikning á tryggingagjaldi

Stofn til tryggingagjalds er hærri en staðgreiðsluskyld laun þar sem mótframlag launagreiðenda til lífeyrissjóða myndar stofn til tryggingagjalds. Undanþegin gjaldskyldu er sú fjárhæð sem launagreiðandi fær endurgreidda úr Fæðingarorlofsjóði. Í dæmi 1 hér að framan voru heildarlaun 395.000 kr. Við það bætist mótframlag launagreiðanda í lífeyrissjóð, sem í þessu dæmi er 8% af 395.000 kr. eða 31.600 kr. Í dæmi 2 eru heildarlaun 933.000 kr. og mótframlag í lífeyrissjóð 74.640 kr. Tryggingagjald og gjöld sem innheimt eru með því myndi reiknast á eftirfarandi hátt:

Dæmi 1		Dæmi 2	
Stofn til tryggingagjalds	426.600	Stofn til tryggingagjalds	1.007.640
Staðgreiðsluhlutfall	x 7,35%	Staðgreiðsluhlutfall	x 7,35%
Tryggingagjald o.fl.	31.355	Tryggingagjald o.fl.	74.061

### Dæmi 1. um útfyllta skilgrein LÖGABILA

RSK RÍKISSKATTSTJÓRI		Skilgrein staðgreiðslu af launum	
		Eintak innheimtumanns	
Kennitala	Greiðslutímabil	A Staðgreiðsla og tryggingagjald samtals (B+C+D)	Kr. 120.759
440469-4469	01 2016	B Staðgreiðsla af greiddum launum	89.404
Nafn - heimili - póststöð launagreiðanda		C Staðgreiðsla af reiknuðu endurgjaldi	
Gjafavörverslunin ehf. Laugavegi 202 100 Reykjavík		D Tryggingagjald	31.355
Undirritaður staðfestir að skýrsla þessi er gefin eftir bestu vitund og er í fullu samræmi við fyrirliggjandi gögn.		E Heildarfjárhæð greiddra launa	395.000
14. 2. 2016	Björn Björnsson	F Reiknað endurgjald greiðanda	
Dagsetning	Undirskrift	G Samtala til afstemmingar (A+B+C+D+E+F)	636.518
		<input type="checkbox"/> Engin laun greidd á tímabilinu	

### Dæmi 1. um útfyllta skilgrein SJÁLFSTÆTT STARFANDI EINSTAKLINGA

RSK RÍKISSKATTSTJÓRI		Skilgrein staðgreiðslu af launum	
		Eintak innheimtumanns	
Kennitala	Greiðslutímabil	A Staðgreiðsla og tryggingagjald samtals (B+C+D)	Kr. 120.759
290259-2009	01 2016	B Staðgreiðsla af greiddum launum	
Nafn - heimili - póststöð launagreiðanda		C Staðgreiðsla af reiknuðu endurgjaldi	89.404
Björn Björnsson Laugavegi 201 100 Reykjavík		D Tryggingagjald	31.355
Undirritaður staðfestir að skýrsla þessi er gefin eftir bestu vitund og er í fullu samræmi við fyrirliggjandi gögn.		E Heildarfjárhæð greiddra launa	
14. 2. 2016	Björn Björnsson	F Reiknað endurgjald greiðanda	395.000
Dagsetning	Undirskrift	G Samtala til afstemmingar (A+B+C+D+E+F)	636.518
		<input checked="" type="checkbox"/> Engin laun greidd á tímabilinu	

# Skattkort aflögð

Í samræmi við breytingar á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, eru skattkort lögð af frá og með árinu 2016 og í staðinn kemur **rafrænn persónuafsláttur**.

## Nýting rafræns persónuafsláttar

Jafnvel þótt notkun skattkorta sé hætt kallar það ekki á neinar breytingar fyrir launagreiðendur á notkun persónuafsláttar launamanna sinna. Nýtingin verður áfram með sama hætti og á síðasta launatímabili 2015, nema launamaður óski sérstaklega eftir breytingum þar á.

Á hinn bóginn verður að taka upp nýtt verklag þegar starfsmaður vill breyta nýtingu persónuafsláttar og þegar nýr starfsmaður kemur til starfa. Hann þarf ekki að framvísa skattkortum með upplýsingum um nýtingu persónuafsláttar eins og áður hefur verið. Þess í stað upplýsir launamaður launagreiðanda um hvort nýta eigi persónuafslátt við útreikning staðgreiðslu og þá hversu hátt hlutfall. Eigi launamaður uppsafnaðan persónuafslátt eða vilji nýta persónuafslátt maka upplýsir hann launagreiðanda um það. Auk þess þarf launamaður að tilgreina í hvaða skattþrepum reikna á skatt hans. Mikilvægt er að launagreiðandi afmarki vel upphaf og lok á nýtingu persónuafsláttar og brýnt að vekja máls á mögulegri skörun í tíma á launagreiðslum og nýtingu persónuafsláttar hjá fyrri launagreiðanda.

Vilji launagreiðandi halda utan um upplýsingar launamanna sinna um nýtingu persónuafsláttar getur hann komið upp því verklagi sem best hentar á hverjum vinnustað þannig að hægt sé að staðfesta að farið sé að óskum launamanns.

Launamenn eiga nú að fylgjast sjálfir með nýtingu persónuafsláttar á þjónustusíðu RSK, **skattur.is**. Mögulegt er fyrir launamenn að sækja þar yfirlit yfir nýttan persónuafslátt ársins til framvísunar hjá launagreiðanda, sé þess óskað.

## Ofnýting á persónuafslætti

Samhliða þessum breytingum fékk ríkisskattstjóri heimild til að stöðva nýtingu persónuafsláttar launamanna komi til ofnýtingar. Með auknu samtímaeftirliti geta launagreiðendur í slíkum tilvikum átt von á að fá boð frá ríkisskattstjóra um að hætta notkun á persónuafslætti tiltekins launamanns tímabundið þangað til ofnýting hefur verið leiðrétt.

Þegar launamaður lætur af störfum er mikilvægt að launagreiðandi skrái hann út úr launakerfi þannig að ef hann kemur aftur til starfa þurfi hann á ný að upplýsa launagreiðanda um nýtingu á persónuafslætti sínum.

## Hvað á að gera við gömlu skattkortin?

Eftir þessa breytingu missa gömlu skattkortin sitt fyrra gildi og hafa enga merkingu fyrir launagreiðendur aðra en staðfestingu á með hvaða hætti þeir launamenn sem hjá honum starfa hafi áður óskað eftir að persónuafsláttur þeirra verði nýttur. Heimilt er að farga skattkortum þeirra sem starfa hjá launagreiðanda eftir að viðeigandi ráðstafanir hafa verið gerðar sem og skattkortum þeirra sem starfa ekki lengur hjá launagreiðanda.

Frekari upplýsingar um persónuafslátt og staðgreiðslu má fá á rsk.is eða í þjónustuveri ríkisskattstjóra í síma 442-1000.

RSK RÍKISSKATTSTJÓRI		Skattkort	
Kennitala launamanns	Óngálfdagur		
Nafn - heimili - póstbúð	Nafn maka og kennitala		
Staðgreiðsla	Hlutfall persónuafsláttar	Persónuafsláttur kk	

Heimilt er að farga skattkortum þeirra sem starfa hjá launagreiðanda eftir að viðeigandi ráðstafanir hafa verið gerðar sem og skattkortum þeirra sem starfa ekki lengur hjá launagreiðanda.